



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 12. júní 2020  
SFS2020050139  
186. fundur  
HG/adg/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu ráðninga í kennarastöður við grunnskóla borgarinnar fyrir næsta skólaár og upplýsingar um færslu kennara milli skólastiga eftir lagabreytingu um eitt leyfisbréf.***

Á 184. fundi skóla- og frístundaráðs, 26. maí 2020, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Nú standa yfir ráðningar í kennarastöður við grunnskóla borgarinnar. Hver er staða ráðningamála skólanna fyrir næsta skólaár? Þá er óskað upplýsinga um hvort leikskólakennarar eða grunnskólakennarar hafi færst milli skólastiga eftir lagabreytinguna um eitt leyfisbréf frá 1. janúar sl.*

**Svar:**

Þann 9. júní 2020 var send fyrirspurn til skólastjóra grunnskóla Reykjavíkurborgar um stöðu ráðninga í grunnskóla fyrir haustið 2020. Svör bárust frá öllum. Eftir á að ráða í 67,5 stöðugildi fyrir haustið, þar af 2,6 stöðugildi millistjórnenda, 30,4 stöðugildi kennara, 26,5 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 5,0 stöðugildi skólaliða og 3,0 stöðugildi þroskaþjálfra. Búið er að ráða í 97,1% stöðugilda þegar miðað er við fjölda stöðugilda eins og hann var í maí sl. en þá voru 2.356 stöðugildi í grunnskólunum. Þann 3. júní 2019 átti eftir að ráða í um 112 stöðugildi, þar af 43 stöðugildi kennara.

Hvað varðar fyrirspurnina um hvort leikskólakennarar og grunnskólakennarar hafi færst á milli skólastiga þá liggja þær upplýsingar ekki fyrir á þessari stundu. Mjög rík hefð er fyrir því að kennarar ljúki skólaári og skipti um starfsvettvang að sumri til með ráðningu frá 1. ágúst á nýjum stað. Það verður því ekki fyrr en í september sem þessar tölur liggja fyrir.